


# Áherslur BSRB og samráð við stjórnvöld vegna heimsfaraldursins

Trúnaðarmannaráðsfundur Sameykis 19. maí 2020  
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB



# Efnahagsáhrif heimsfaraldursins eru gríðarleg!


- Halli ríkissjóðs á árinu gæti numið 300 milljörðum a.m.k.
- Fjárlög ársins 2020 eru 1.000 milljarðar



# Áhrif heimsfaraldursins á vinnumarkað

- Skráð atvinnuleysi í lok apríl var **17,8%** af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði.
- Alls voru um 49.200 manns á atvinnuleysissskrá,
  - þar af 16.400 atvinnulausir og 32.800 í skertu starfshlutfalli.
- Atvinnuleysi í mars var 9,2% og hafði þá aukist frá 5% í febrúar.
- Fólki í hlutabótaleiðinni fækkar sífellt og lítið er nú um nýskráningar í úrræðið. Ætla má að flestir þeirra sem hafa lent í hópuppsögnum komi inn í atvinnuleysisbótakerfið í ágúst hafi þeir ekki horfið til fyrri eða annarra starfa í millitíðinni.
- Talið líklegt að atvinnuleysi fari í 13% í ágúst og september en lækki síðan.
- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur spáð að atvinnuleysi hér á landi verði að meðaltali 8% á þessu ári, og 7% á því næsta.
- Mikil óvissa um þróun mála.

# 565 félagar í BSRB voru atvinnulausir að fullu eða hluta í mars – meira en helmingur á hlutabótum



# Áherslur BSRB hafa í megindráttum fjallað um að:

---

- Tryggja heilbrigði og kjör framlínufólks
- Tryggja afkomu fólks
- Fjárfesta til framtíðar
- Tryggja eftirlit og setja skilyrði fyrir stuðningi til fyrirtækja
- Falli í tekjum ríkis- og sveitarfélaga verði mætt með tekjuöflun til lengri tíma en ekki niðurskurði

# Hvernig kemur BSRB þessum áherslum sínum á framfæri?

- BSRB hefur ýmsar leiðir til að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda.
  - Samráð
  - Aðild að starfshópum
  - Umsagnir
  - Ályktanir
  - Þjóðhagsráð

Stjórn BSRB



# BSRB leggur ríka áherslu á samráð stjórnvalda við verkalyðshreyfinguna

- Það er mikilvægt að stjórnvöld hafi samráð við verkalyðshreyfinguna þegar verið er að vinna tillögur og áður en þær eru kynntar.
- Þannig er betur hægt að tryggja að aðgerðirnar gagnist launafólki.
- BSRB á í samstarfi við önnur bandalög launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði til að stilla saman strengi og fjalla um sameiginleg mál.



# BSRB á fulltrúa í fjölmörgum nefndum, ráðum og starfshópum

- BSRB á t.d. fulltrúa í samhæfingarhópi félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra um stöðu atvinnuleitenda og námsmanna og atvinnu- og menntaúrræði þeirra.
- BSRB beitir sér í vinnu hópsins og hefur einnig vakið sérstaka athygli á áherslum okkar í vinnunni.

## Fjölbreyttar tillögur að aðgerðum í menntamálum



*BSRB kallar eftir ýmiskonar aðgerðum í menntamálum í kjölfar COVID-19 faraldursins.*

fyrirsjáanlegur.

14. maí 2020 | COVID-19, menntamál, stjórnvöld, aðgerðir

BSRB kallar eftir því að aðgerðir stjórnvalda í menntamálum í kjölfar COVID-19 faraldursins verði unnar á heildstæðan hátt með þarfir einstaklingsins og þarfir samfélagsins í fyrirrúmi. Bandalagið hefur sent stjórnvöldum sínar tillögur, þar sem meðal annars er lagt til að unnin verði færnisþá, mýrar milli skólastiga verði brotnir niður og upplýsingagjöf verði aukin með miðlægum upplýsingavef.

Í tillögum BSRB, sem komið hefur verið til stjórnvalda, er meðal annars lögð áhersla á að vinna verði sett í gang sem fyrst við að gera færnisþá fyrir íslenskan vinnumarkað. Gögn verði notuð til að beina atvinnuleitendum í menntaúrræði í greinum þar sem skortur á starfsfólki er



# BSRB skilar inn fjölmörgum umsögnum um þingmál

- Þegar ríkisstjórnin kynnir nýjar aðgerðir vegna Covid-19 fylgja í kjölfarið þingmál með aðgerðunum sem Alþingi fjallar um.
- BSRB sendir þá inn umsögn og fylgir þeim svo eftir á fundum hjá þingnefndum.
- BSRB birtir fréttir af helstu áherslum til að upplýsa félagamenn og hafa áhrif á umræðuna.



# BSRB sendir frá sér ályktanir og yfirlýsingar þegar mikið liggur við

## BSRB fordæmir misnotkun á úrræðum stjórnvalda



„Misnotkun á þessum úrræðum jafngildir því að verið sé að taka fé frá öðrum samfélagslega mikilvægum verkefnum,“ segir í ályktun stjórnar BSRB.

08. maí 2020 | heimsfaraldur, aðgerðir, ályktun

BSRB fordæmir harðlega misnotkun fyrirtækja sem ekki þurfa á aðstoð að halda á úrræðum stjórnvalda vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Í ályktun sem stjórn bandalagsins sendi frá sér í morgun er kallað eftir endurgreiðslu frá stöndugum fyrirtækjum sem nýtt hafa úrræðin.

„Úrræðunum er ætlað að bjarga fyrirtækjum sem róa lífróður vegna faraldursins. Þeim er ekki ætlað að koma fyrirtækjum sem lenda ekki í teljandi tekjutapi vegna hans betur út úr tímabundinni niðursveiflu. Fyrirtæki sem hafa efni á að greiða eigendum arð eða kaupa eigin bréf eru augljóslega ekki í þeirri stöðu að þurfa á þessari aðstoð að halda,“ segir meðal annars í ályktun stjórnar BSRB.

## Áformaðar uppsagnir framlínufólks skammarlegar



„Það er óásættanlegt að þegar stofnanir grípa til hagræðingaaðgerða sé fyrst horft til tekjulægsta hópsins,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

afhenda þeim uppsagnarbréf.

15. maí 2020 | uppsagnir, starfsöryggi, andmæli

BSRB mótmælir harðlega áformum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um að segja upp öllu starfsfólki í ræstingum á starfsstöð stofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Stéttarfélagum hefur verið tilkynnt um að fyrirhugað sé að leggja niður starfsemi við ræstingar og fara í útboð á þjónustunni á næstu vikum.

„Það er skammarleg ákvörðun að segja upp starfsfólki sem hefur lagt líf og heilsu að veði í framlínunni í baráttunni við kórónaveiruna undanfarnar vikur,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

Gríðarlegt álag hefur verið á þessu starfsfólki, eins og öðrum starfsmönnum í heilbrigðisþjónustunni. Nú þegar mikilvægi þeirra starfa ættu að vera öllum ljós ættu stjórnendur stofnunarinnar að leggja sig fram við að bæta kjör og starfsaðstæður þessa lágláunahóps í stað þess að

# Þjóðhagsráð er formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins

- Ráðið hittist 4 sinnum á ári.
- Í ráðinu sitja formenn stjórnarflokkanna, fulltrúar BSRB, ASÍ, BHM, KÍ, SA, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Seðlabanka.
- Markmið ráðsins er að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál.
- Þjóðhagsráð tekur ekki ákvarðanir í efnahags- og kjaramálum.
- Þjóðhagsráð hefur haldið tvo aukafundi vegna heimsfaraldursins.

